

Sniglarækt, sjálfbær nýting glatvarma	Verkefnið felst í að kynna sniglarækt sem sjálfbæra hliðarbúgrein fyrir bændur, byggða á nýtingu glatvarma úr jarðhitavatni. Haldin verður fræðsluherferð á Norðurlandi ásamt staðnámi á Írlandi, með áherslu á að skapa verðmæti úr vannýttum auðlindum, bæta nýtingu hliðarstrauma og efla atvinnulíf með nýsköpun í matvælaframleiðslu.	3.300.000
Með tengsl við tauminn	Með tengsl við tauminn er nýstárlegt námsúrræði þar sem börn sem glíma við skólaforðun, kviða eða félagslega einangrun fá að taka þátt í markvissri dagskrá með hestum. Verkefnið eflir sjálfstraust, ábyrgð og vellíðan og veitir börnum nýja tengingu við nám og samfélag.	2.450.000
Livefood ehf,	Markmið verkefnisins er að þróa grænkera mygluosta (ásta) úr kartöflum þar sem jarðvarmi nýtist sem orkugjafi þegar fram líða stundir. Að þróa grænkera kartöfluost með hefðbundnum ostagerðar aðferðum og sértækum örverum er nýstárleg nálgun sem sameinar líftækni, matvælafræði og sjálfbærni. Livefood er fyrsta og eina grænkera ostagerðin á Íslandi.	5.450.000
Valorka ehf	Valorka ehf þróar einfalda gerð tvíása hverfils sem hentar til virkjunar hægra sjávarfallastrauma. Honum er ætlað að verða nýr umhverfisvænn virkjanakostur; hagkvæmur og einfaldur í notkun. Einnig vinnur Valorka að kynningum og gagnasöfnun á sviði sjávarfallaorku.	4.900.000
MýSköpun ehf	MýSköpun, er sprotafyrirtæki í Mývatnssveit sem vinnur að fjölnýtingu jarðvarma í samstarfi við Landsvirkjun. Fyrirtækið hefur einangrað örpörunga úr Mývatni, þar á meðal Spirulina. Þetta verkefni snýr að því hvernig steinefni úr jarðhita geta stuðlað að hagkvæmri og sérhæfðri örpörungaframleiðslu, með notkun affallsvatns jarðvarmavirkjunar sem fæði örpörunganna.	3.800.000
Skógarafurðir ehf	Verkefnið snýst um að hanna frumgerð af alislensku, grænu einbýlishúsi fyrir nýjan byggðakjarna í Fljótsdal með lágt kolefnisspor þar sem efnisval ræðst af hráefni svæðisins og hringrásarhagkerfinu. Stórir nytjaskógar og öflug timburvinnsla Skógarafurða í Fljótsdal skapa einstakt tækifæri til að byggja hús eingöngu úr efnivið úr heimabyggð.	5.600.000
Sveitaorka - matskerfi	Markmið verkefnisins er að þróa straumlínulagað matskerfi sem metur hagkvæmni þess að bændur framleiði eigin orku og geymi hana á rafhlöðum. Í kerfinu verðu lagt mat á hagkvæmni framleiðslu sólarorku með sólarsellum og vindorku með svokölluðum vindstaurum auk geymslu rafmagns á rafhlöðum út frá nákvæmum staðsetningum og búrekstri.	5.250.000
Landið og miðin	Landið og miðin viðskiptahraðall veitir frumkvöðlum og verkefnum á landsbyggðinni aðgang að sérfræðiráðgjöf, tengslaneti og fjármögnunarmöguleikum í gegnum sjö vikna viðskiptahraðal, sem fer að mestu fram á netinu.	4.500.000
Jurtapsorex	JURTAPSOREX er sérhönnuð vörulína fyrir psoriasis, exem og þurra húð. Hún inniheldur olíu, smyrsl og sápu með vandlega völdum jurtum og náttúrulegum efnum sem róa húðina og draga úr ertingu. Vörulínan örvar endurnýjun húðfrumna og stuðlar að heilbrigðari húð. Nærandi húðumhirða fyrir viðkvæma húð. Vörulínan er algerlega eiturefnalaus.	2.700.000
Harmonia	Harmonia er hugbúnaður sem sameinar kosti staðkennslu og netkennslu á skapandi hátt fyrir kennarann, nemandann og tónlistarskólann. Harmonia heldur utan um allt skipulag jafnt fyrir stóra skóla eða einyrkja sem eru að fást við tónlistarkennslu.	7.500.000
Hönnunarþing	HönnunarÞing er hátíð nýsköpunar og hönnunar sem haldin er á Húsavík í október2025. Einstakur vettvangur þar sem íslensk hönnun og nýsköpun eru í öndvegi. Gert er ráð fyrir fjölda þátttakenda úr hönnunargeiranum á landsvísu ásamt skandinavískum samstarfsaðilum.	2.750.000
Eysteinseyri	Eysteinseyri verður fyrsti námsupplifunarstaður Íslands, þróaður í samstarfi við alþjóðlega og innlenda sérfræðinga. Þar munu jafningjar og geðheilbrigðisstarfsfólk taka þátt í upplifunum sem stuðla að miðlun þekkingar og nýsköpun.	5.290.000
Nanna Lín	Nanna Lín leðrið er frábrugðið öðru fiskileðri á þann hátt að það er endurmótað yfir í breiður áður en það er sútað. En þannig fæst leður í metrávis. Leðrið er úr laxaroði og er sútað með trjáberki, en slík sútun var algeng áður en ónáttúruleg efni komu til sögunnar.	5.000.000
Skynró ehf	Skynró skapar heildrænar lausnir við skyntruflunum sem styðja við aukin lífsgæði, hvort sem það er í gegnum fatnað, fræðslu eða stuðning.	4.000.000
Lífkolun grisjunarviðar til framleiðslu steypu	Verkefnið miðar að því að nýta grisjunarvið til lífkolunar á Eskifirði. Framleiðslan skilar kolefnishlutlausri steypu, lífrænum jarðvegsbæti, viðarolíu og varma. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, bæta nýtingu skógarafurða og skapa sjálfbærar lausnir fyrir iðnað og landbúnað.	6.000.000
Gervigreindb og nýsköpun - vinnustofur	Verkefnið er samstarf KPMG, Iceland Innovation Week og Samtaka þekkingarsetra um að efla nýsköpun og stafræna hæfni á landsbyggðinni með hringferð um landið. Í gagnvirkum vinnustofum verður áhersla á hagnýtingu gervigreindar, skapandi hugsun og frumkvöðlastarfsemi, til að styrkja samkeppnishæfni, verðmætasköpun og auka sjálfstraust þátttakenda við eigin þróunarverkefni.	6.600.000
Ný skíðalyfta	Verkefnið er að þróa og smíða frumgerð að skíðalyftu sem er ódýr, sveigjanleg og umhverfisvæn. Lyftan er léttur kassi með mótör, rafhlöðum og stýringu sem dregur sig og skíðamanninn upp eftir kaðli.	4.500.000
Recover	ReCover er nýstárlegt endurunnið prjónavörulínan frá KIDKA, framleidd af IINOUIIO. Með því að endurnýta afskurð og ullarleifar úr eigin prjóna-vöruframleiðslu búum við til nýtt garn sem síðan er ofið í teppi, ábreiður og efni fyrir fjölbreytt verkefni. Þessi sjálfbæra nálgun dregur úr sóun og leiðir til einstakra, umhverfisvænna vara.	2.600.000
Bæting nýting glatvarma og ræktarlands	Tilgangur verkefnsins er að bæta nýtingu glatvarma og landbúnaðarlands til að stuðla að auknu fæðu- og matvælaöryggi.	3.600.000
Morgunfrú - Ræktun og þróun afurða	Í Morgunfrú verða þróaðar leiðir til að skala upp tilraunaræktun morgunfrúar (Calendula officinalis) og þróa vörur úr framleiddu hráefni til manneldis og fyrir húsdýr. Notaðar verða vistvænar no-dig aðferðir við ræktun til að lágmarka kolefnistap úr jarðvegi og fundnar leiðir í þeim aðferðum fyrir ræktun á arðbærum stærðarskala.	3.500.000
HydroTherma-Cannarctica ehf	HydroTherma er þróunarverkefni sem miðar að því að bæta skilvirkni og sjálfbærni í ræktunarlýsingu með þróun vatnskældra LED ræktunarljósa. Kerfið nýtir varmaorku frá ljósunum til upphitunar eða orkuframleiðslu, sem dregur úr orkunotkun og eykur endingartíma þeirra.	7.500.000